

20. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Í stað orðanna »30 rúmlestar« i upphafi 18. gr. komi: 12 rúmlesta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram eftir tilmælum Fiskifjelags Íslands og hefir fjelagið látið því fylgja svohljóðandi

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 40, 19. júní 1922, er svo ákveðið i 4. gr. b. lið: »Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini fyrir smáskip, er hefir verið stýrimaður minst 8 mánuði á skipi eigi nndir 12 rúmlestir«.

Í sömu lögnm, 18. gr., er svo ákveðið, að ekki þurfi að hafa stýrimann á minni skipum en 30 rúmlestir, en í lögnm nr. 49, 27. júní 1925 er þessu breytt, þannig að ekki er skylda að hafa stýrimann á minni skipum en 20 rúmlesta nje á skipum, sem koma að jafnaði daglega úr róðri þó skipin sjeu alt að 30 rúmlestir.

Með þessu er ósamræmi i lögunum, þar sem skipstjórnem er gert að skyldu að hafa verið stýrimenn minst 8 mánnði, ef þeir eiga að fá að stjórna stærra skipi en 12 rúmlesta, en aftur á móti er ekki skylda að hafa stýrimann á minni skipum en 20—30 rúmlesta, enda mun það ekki venja á þessum stöðum að lögskrá stýrimenn á þá báta, sem þess er ekki krafist samkvæmt lögnm.

Með því fyrirkomnlagi, sem nú er, er því skipstjóraefnum gert næstnum ókleift að fá skipstjórarjettindi, ef fara á eftir bókstaf laganna, enda er oss kunnugt nm að ákvæði þessi valda mĩklum erfðleikum.

Auk þess búumst vjer við, að stýrimönnm á skipum af þessari stærð, verði ekki greidd svo há ankaþóknm, að það dragi útgerðina neitt vernlega.